

65
30. apríl. Að láta hætta við aðgjörðina þangað til alþingi kemur saman í sumar, myndi vera slíkt samningsrof af hálfu hins opinbera, að það myndi geta bakað því talsverðar skaðabætur, og í annan stað myndi það varna því, að aðgjörðin yrði búin á þessu sumri. Slík ráðstöfun virðist mjög því jafn ótiltækileg, sem hún er ástæðulaus.

66
30. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um landskuldarlinun* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, frá 28 þ. m. og fylgdu því tillögur umboðsmanns Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klaustursjarða viðvikjandi bórnarbrjefum þeim, er til hans höfðu komið um, að sá tími yrði lengdur, sem linun fengist í eptirgjaldinu, er veitt hafði verið einstöku ábúöndum síðustu árin, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Linun þá, í jarðaafgjaldi ábúandanna á umboðsjörðunum Fagurhlíð, Uppsölum og Dalbæ, sem veitt var í brjefi mínu frá 19. desember 1876, finn jeg enga ástæðu til að lengja fremur en til er tekið í áminnztu brjefi.

Aptur ámóti veitist ábúöndunum á Slýum, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og umboðsmannsins, í 3 ár frá næstkomandi fardögum hin sama linun á jarðarafgjaldi, sem þeim var veitt í brjefi mínu 19. desember 1876, sem sje fyrir hvorn þeirra 25 al., og sje helmingur þeirra reiknaður eptir meðalverði verðlagsskrárinnar og helmingurinn með 16 aur. fyrir hverja alin. Sömuleiðis veitist ábúandanum á Eystri Lýngum, Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dagsettu 14. október 1875 hafði fengið afgjaldið lækkað um 3 ár til næstkomandi fardaga alls um 30 al., helmingurinn af þessari afgjaldslækkun, eða alls 15 al. í 3 ár frá fardögum 1879 til fardaga 1882.

Jeg skal bæta því hjer við, að jeg er á sömu skoðun og þjer, herra amtmaður, að ekki sje ástæða til sem stendur, að taka til greina beiðni þá, sem ábúandinn á umboðsjörðinni Þverá hefir sent hingað um að fá eptirgjaldið lækkað sökum skemmda á túninu.

67
30. apríl. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um tekjuskatt manna, er enga atvinnu hafa.* — Í brjefi frá 1. f. m. hafði þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að 2 sýslubúar yðar hafi skorazt undan að greiða skatt samkvæmt lögum 14. desember 1877 af jarðeignartekjum sínum, annar sökum þess, að hann er öldungis farlama og allar tekjurnar, að upphæð 84 kr., gangi í forlagseyri með honum, hinn sökum þess, að hann enga atvinnu hefir, og þarf mest allar tekjur sínar, er hann telur 9 hundr. á landsvísu, eða í peningum 605 kr. 90 aura, í forlagseyri fyrir sig og konu sína. Þjer bendið á, að það muni vandkvæðum bundið, að heimfæra 8. grein nefndra laga ekki að eins á börn, «sem eru í foreldrahúsum eða á framfæri og enga atvinnu hafa», heldur einnig á aðra menn, er atvinnulausir eru, en ætlið, að ekki verði komizt undan þessu, og að þá megi samkvæmt 1. kap. framfærslubálks Jónsbókar, samanbornum við 14. gr. tilskip. um spítala 27. maí 1746 telja 3½ hundrað á landsvísu skattlausan forlagseyri fyrir karlmann, en 2½ hundrað fyrir kvennmann.

Í 7. grein laga 14. desember 1877 er fyrirskipað að greiða skuli skatt af tekjum, til hvers svo sem þeim er varið, og þó þeim verði öllum varið hlutaðeigandi gjaldþegni og

vandamönnum hans til viðurværis og nauðsynja, og eru að eins þær tekjur undan- **67**
 teknar, sem fást á þann hátt, að maður eyðir höfuðstól sínum eða tekur lán. Enn frem- 30. apríl.
 ur eru í 3. grein nefndra laga, að eins undanþegnar frá skatti þær árstekjur af jarðeign-
 um, er samanlagðar nema ekki 50 kr. Þegar þessa hvorstveggja er gætt, virðist vanta
 heimild til, að undanþiggja hina áminntu 2 gjaldþegna frá að greiða skatt af árstekjum
 af eignum sínum.

Um leið og jeg skýri yður, herra sýslumaður, frá þessu, til þóknanlegrar leiðbein-
 ingar og ráðstöfunar, vil jeg út af þeim öðrum spurningum, sem áminnt brjef yðar inni-
 heldur, tjá yður, að jeg, eins og þegar er tilkynnt sýslumanninum í Dalasýslu með brjefi 3.
 febrúar þ. á. (Stjórnartíð. B. 22), verð að álíta það skyldu yfirskattanefndarinnar, að
 endurskoða nákvæmlega skrár skattanefndanna, rannsaka það, sem í þeim þykir óljóst eða
 rángt, og eftir ástæðum lagfæra það. Með því ekki er nefnt fardaga ár í 6. gr. laga
 14. desember 1877, verð jeg að álíta, að þar sje átt við almanaks árið, bæði með tilliti
 til eignarskatts og atvinnuskatts.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vestur umdæminu um hom-* **68**
 öopata með öl — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi 20. marz þ. á. tjáð mjer, 2. maí.
 að hinu konunglega heilbrigðisráði hafi verið sendur kassi sá, með homöpatiskum með-
 ölum, tilheyrandi prestinum sira Jakobi Guðmundssyni, sem lagt var löghald á í Reykja-
 vík 31. ágúst f. á. ásamt skýrslu frá landlækni viðvíkjandi kassa þessum; en að meðölin
 hafi, þá er átti að rannsaka þau, reynzt svo úþynnt að ómögulegt hafi verið að sjá, hvað
 í þeim væri.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtdaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og
 birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

A

Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 2. og 3. dag júlímánaðar 1878. **69**

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni Christjans-
 son, með amtsráðsmönnum Arnljóti presti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

Á næstliðnum vetri höfðu farið fram í sýslunefndum umdæmisins kosningar til
 amtsráðsins í stað þeirra er úr því voru gengnir, amtsráðsmanns Jóns Sigurðssonar og
 varaamtsráðsmanns J. P. Havsteins. Flest atkvæði hafði fengið Arnljótur prestur Ólafs-
 son að Bægisá og þar næst Davíð prófastur Guðmundsson að Reistará.

Amtsráðið tók til umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Forseti lagði fram landshöfðingjabrjef 13. okt. f. á. ásamt brjefi frá formanni búa-
 aðarfjelags suðuramtsins 12. s. m. og reikningi frá Sveini búfræðingi Sveinssyni 9.
 s. m. Landshöfðingja brjef þetta með fylgiskjölum hljóðaði um ferðakostnað Sveins
 búfræðings síðastliðið sumar norður í Eyjafjörð til að skoða Staðarbyggðarmýrar, að
 upphæð 98 kr. 60 aura; í öðru lagi um 150 króna endurgjald frá norður- og
 austurumdæminu til búnaðarfjelags suðuramtsins fyrir það, er Sveinn tafðist mánað-
 artíma (frá 25. júlí til 25. ágúst) á þessari skoðunarferð frá störfum sínum í suður-
 amtinu, og í þriðja lagi gjörði Sveinn kröfu til 23 kr. 33 aura, sem ógreiddra af